

Ársskýrsla 2012



Fimleikadeild Aftureldingar





Útgefandi: Fimleikadeild Aftureldingar.

Texti, hönnun og umbrot: Eva Magnúsdóttir.

Ljósmyndir: Eva Magnúsdóttir, Finnur Sigurðsson og Ragnar Þór Ólason.






Efnisyfirlit

Spennandi framtíð	bls. 4
Fimleikahús í lok árs	bls. 4
Starf ársins	bls. 4
Iðkendur	bls. 6
Tekjur og gjöld	bls. 6
Mótahald	bls. 6
Sýningar	bls. 7
Uppskeruhátið	bls. 7
Fjáraflanir	bls. 7
Stjórn deildar	bls. 8
Ársreikningur	bls. 9



Spennandi framtíð



Fimleikahús í lok árs

Í lok ársins 2011 akvað bæjarstjórn Mosfellsbæjar að taka aðstöðumál Aftureldingar til endurskoðunar þar sem þrengdi mjög að starfsemi félagsins. Stjórn Fimleikadeildar hefur lengi beðið eftir viðunandi æfingaaðstöðu og getur ekki lengur haldið í við þau félög sem þau keppa á móti. Var niðurstaðan sú að ákveðið var að reisa íþróttahús að Varmá er geyma skyldi aðstöðu fyrir fimleika og bardagaíþróttir. Framkvæmdin er hugsuð til framtíðar og

er það mikið tilhlökkunarefni fyrir börn og foreldra í deildinni þar sem hér er langþráðum áfanga náð.


Foreldrar í deildinni þurfa að bredda upp ermar og aðstoða stjórn deildarinnar við fjároflun þannig að mögulegt verði að kaupa þau viðbótaráhöld sem nauðsynleg eru deildinni til framtíðar.

Starf ársins

Starf deildarinnar einkenndist af mikilli bjartsýni og tilhlökkun a fyri hluta ársins. Unnið var að því hörðum höndum að byggja vel upp starf yngri barna í deildinni þar sem þau eru grunnurinn til framtíðar. Stjórn deildarinnar lagði mikið á sig við fjáraflanir ásamt fjároflunaráhópum ýmis konar sem störfuðu með stjórninni.

Ákveðið var að halda skráningardag í lok ágúst þar sem iökendur og foreldrar gátu komið, skráð börnin sín og spjallað við stjórn. Þetta gafst mjög vel þar sem mögulegt var að leiðbeina foreldrum um skráningarnar í Nóra. Upptaka Nóra er deildinni mjög að skapi þar sem mjög auðvelt er að halda utanum iökendur, skuldir og mætingu. Kerfið er mjög til bóta.

Haustið fór vel af stað hjá yngri flokkunum og fjöldi leikskólabarna var í kringum 80 þegar mest var. Með því að



stjórn og nokkrir foreldrar voru til aðstoðar þjálfurum við að halda utanum þennan mikla fjölda barna þá gekk þetta upp. Ánægja foreldra með leikskólahópana var mjög mikil.

þjálfarar deildarinnar sóttu í sig veðrið og hafa nú þjálfað upp 3 nýja hópa sem eru að byrja að keppa á byrjendamótum á þessu ári.

Aftur á móti gekk starf eldri hópa ekki jafn vel. Ekki er nóg með að aðstöðuleysi væri farið að há hópnum í framförum heldur gat Afturelding ekki varið tíma deildarinnar í sal þar sem mótt annarra deilda ýttu elstu iökendumnum út. Í nóvember var ljóst að elstu hóparnir tveir, drengja og stúlknahópur gæti ekki keppt þar sem þau höfðu misst svo marga tíma úr sal. Í kjölfarið ákvað yfirþjálfari deildarinnar að segja starfi sínu lausu vegna þess skorts á virðingu sem honum fannst sínum iökendum sýndur. Þórir Arnar Garðarsson létt síðan af störfum um áramót eftir 7 ára afskaplega farsælt starf fyrir deildina. Það er gríðarleg eftirsjá af honum. Í kringum jólín var síðan haldinn fundur með foreldrum elstu keppnisbarna deildarinnar og í kjölfarið tekin ákvörðun um að færa hópana í heilu lagi í Ármanni þar sem þau gætu stundað æfingar hjá Þóri. 12 börn frá þessum hópum stunda nú æfingar í Ármanni og þjálfa jafnframt yngri börn í Aftureldingu.



Iðkendur

Iðkendur voru mestallt árið í kringum 170 og fjöldaði heldur á árinu. Í lok árs voru iðkendur orðnir 185 talsins og er talið að fjölgunina megi rekja til væntinga vegna nýrrar aðstöðu. Líkur eru á að fjölgji umtalsvert í deildinni með bættri aðstöðu.

Tekjur og gjöld

Tekjur deildarinnar samanstanda af æfingagjöldum, styrk frá Mosfellsbæ, fyrirmynnarfélagsstyrknum og styrkjum ýmissa fyrirtækja. Rekstrartekjur ársins 2012 eru um ívið hærri en árið 2011 eða um 10,7 milljónir króna á móti 10 milljónum það ár. Gjöldin eru að venju mestmeginnis tilkomin vegna launa þjálfara, menntunar þjálfara og ýmiss mótagostnaðar auk sameiginlegs kostnaðar FSÍ. Gjöldin eru alls um 9 milljónir króna, svipuð og árið áður. Keypt voru áhöld fyrir um 600 þúsund kr. Með nýju og endurbættu skráningakerfi batnar innheimta til muna. Afskrifaðar kröfur eru einungis um 200 þúsund.

Eignir deildarinnar fela í sér áhöld sem deildin hefur keypt. Einnig í skammtímakröfum eða í innheimtum æfingagjöldum í Nóra. Handbært fé deildarinnar er um 2,8 mkr. sem er að hluta til söfnunarfé sem keypt verða áhöld fyrir þegar fimleikahúsið rís. Eigið fé er tæplega 5 m.kr sem er



uppsafnaður hagnaður deildarinnar á undanförnum árum. Skammtímaskuldir eru við Aðalstjórn þar sem laun eru greidd út af reikningum Aðalstjórnar.

Mótahald

Fimleikakrakkar úr Aftureldingu kepptu á Vormóti FSÍ í maí en mótið var haldið á Egilsstöðum. Mikill fjöldi liða var mættur á mótið og fór Afturelding með tvö lið eitt drengja og eitt stúlkulið. Ferðin tókst í alla staði mjög vel þar sem strákar og stelpur ásamt foreldrum og þjálfurum skemmtu sér vel við leik og keppni.

Þar sem hópurinn kom degi áður en keppnin hófst nægilegur tími til að skoða Egilsstaði og umhverfi, grilla í frábæru veðri, fara í sund, njóta lífsins og kynnast hvort öðru

betur. Á laugardeginum kepptu bæði stelpna- og strákhópurinn ásamt 500 öðrum fimleikakrökkum viðsvegar af landinu. Þau stóðu sig öll mjög vel og gaman að sjá hvað hópunum hefur farið fram í vetur. Svona ferð er mjög hvetjandi fyrir börnin og alla sem að henni koma. Fimleikadeildin vill nota tækifærð og þakka öllum sem studdu krakkana með kaupum á vörum, sérstaklega er Subway þakkað fyrir þeirra stuðning.


Sýningar

Í kringum fimm hundruð manns voru viðstaddir vorsýningu fimleikadeildarinnar sem haldin var fimmtudaginn 31. maí íþróttahúsini að Varmá. Allir iökendur deildarinnar sýndu afrakstur vetrarins. Þema sýningaráinnar var vorið og sumarið



og sýndu börnin listir sínar við góðar undirtektir foreldra og ættingja.

Hin árlega jólasýning Fimleikadeildar var síðan haldin með glæsibrag sunnudaginn 2. desember og var mikið fjölmenni saman komið. Sýningin var glæsileg eins og myndirnar af hópunum bera með sér en ársskýrsluna prýða einmitt myndir af vor - og jólasýningunni. Allir iökendur deildarinnar komu fram og var þemað teiknimyndir að þessu sinni.



Uppskeruhátíð

Móey Pála Rúnarsdóttir var valin fimleikakona Aftureldingar á Uppskeruhátíð Aftureldingar. Alexander Sigurðsson var valinn fimleikamaður Aftureldingar. Sérstök verðlaun fengu hóparnir P-1, M-15 og M-10 fyrir metnað og dugnað auk þess sem þau hafa byggt upp einstaklega góðan liðsanda. Þar sem deildin keppir að mestu leyti í hópum en ekki á einstaklingsmótum var ákveðið að umbuna hópunum í stað þess að taka út einstaklinga úr hópnum.

Fjáraflanir


Foreldrar í Fimleikadeildinni hélt uppi mjög virku starfi á árinu að undirlagi stjórnar. Stjórnin setti sér þau markmið með haustinu að safna fyrir fimleikaáhöldum fyrir yngstu

iðkendurna. Markmiðið var sett á eina milljón en fyrir þá upphæð fæst þó nokkuð af áhöldum. Það náðist og keypti deildin áhöld fyrir gott betur eða tæpa 1,5 milljónir á árinu. Betur má ef duga skal til þess að geta flutt inn í húsið og tekið í notkun þær gryfjur sem þarf er nauðsynlegt að safna til þess 5-8 milljónum. Sett hefur verið á fót fjárlunarnefnd hjá deildinni sem halda mun utanum allar fjáraflanir deildarinnar. Hún verður kynnt á aðalfundi Fimleikadeilda.

Stjórн deilda

Stjórн deildarinnar skipuðu á árinu Eva Magnúsdóttir, formaður, Brynja Jónsdóttir, gjaldkeri, Ingibjörg María Konráðsdóttir, meðstjórnandi, Auður Björk Þórðardóttir, meðstjórnandi og Elín Karitas Bjarnaodóttir ritari. Auður og Ingibjörg tóku að sér skipulag á sýningum og Auður sá mum hönnun og vinnu við búninga deildarinnar. Eva mun láta af störfum fyrir deildina á þessum aðalfundi sem og Auður Björk Þórðardóttir. Eva mun þó vinna áfram að fjárlunum fyrir deildina og Auður mun sjá um hönnun búninga. Sigrún Eiríksdóttir hóf að starfa með stjórnninni um áramót og mun bjóða sig fram á aðalfundi.

Mikil áhersla hefur eftir sem áður verið lögð á að mennta þjálfara deildarinnar sem eru mjög ungar. Alls eru núna 17 þjálfarar og aðstoðarþjálfarar starfandi við deildina. Stjórн sendir eins marga þjálfara og hægt er á þjálfaranámskeið á vegum FSÍ og ÍSÍ. Stjórн Fimleikadeilda horfir björtum augum til framtíðar. Þar sem aðstaðan tekur breytingum á haust og vetrarmánuðum rætast draumar margra fimleika-áhugamanna í Mosfellsbæ stórra sem smárra.



Áritun skoðunarmanna reikninga deilda

Við undirtíuð höfum yfirlærið ársreikning Fimleikadeilda Aftureldingar fyrir árið 2012.
Það er skoðun okkar að bókhald og fjárhæðir sér i mjög góðu lagi.


Valdimar Leó Friðriksson


Hekla Klementz Þórssdóttir

Ársreikningur

REKSTRARREIKNINGUR - UMF Afturelding 460974-0119

	Skýr.	2012	2011
REKSTRARTEKJUR			
Framlög og styrkir.....	1	3.197.954	3.505.456
Tekjur af mótum.....	2	360.530	0
Aðrar tekjur.....	5	7.494.343	6.505.490
Rekstrartekjur alls:		11.052.827	10.010.946
REKSTRARGJÖLD			
Laun og verktakagreiðslur.....	6	6.775.417	6.396.302
Áhöld og tæki.....	9	528.144	37.510
Páttaka í mótum.....	10	543.670	24.596
Kostnaður v/mótaþaldis.....	11	31.670	124.953
Rekstur skrifstofu.....	13	140.000	101.019
Kynning, fræðsla og útbreiðsla.....	14	158.898	296.000
Önnur gjöld.....	16	858.171	2.110.675
Rekstrargjöld alls:		9.035.970	9.091.055
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		2.016.857	919.891
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD			
Vaxtatekjur.....		44.543	57.330
Vaxtagjöld.....		(18.579)	(50.933)
Fjármagnstekjuskattur.....		(8.841)	(11.121)
Fjármagnsliðir alls:		17.123	(4.724)
Hagnaður (tap) tímabilsins.....		2.033.980	915.167

EFNAHAGSREIKNINGUR - UMF Afturelding 460974-0119

	Skýr.	2012	2011
EIGNIR			
FASTAFJÁRMUNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....			
Fastafjármunir alls	18	1.344.303	1.605.986
		1.344.303	1.605.986
VELTUFJÁRMUNIR			
Skammtímakröfur.....	21	1.954.393	1.553.104
Handbært fé.....	22	2.841.166	361.275
Veltufjármunir alls		4.795.559	1.914.379
Eignir samtals		6.139.862	3.520.365

pr. 31. desember

	Skýr.	2012	2011
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ			
EIGIÐ FÉ			
Óráðstafað eigið fé.....		3.224.303	2.309.136
Rekstrarniðurstaða ársins.....		2.033.980	915.167
Eigið fé alls		5.258.283	3.224.303
LANGTÍMASKULDIR			
Langtímaskuldir alls		0	0
		0	0
SKAMMTÍMASKULDIR			
Viðskiptaskuldir.....		145.498	84.800
Skuld við aðalstjórn.....		472.531	0
Skuld við D12.....		263.550	
Ógr. lífeyrissjóður.....		0	50.759
Ógreidd félagsgjöld.....		0	6.786
Ógr. staðgreiðsla.....		0	153.717
Skammtímaskuldir alls		881.579	296.062
Skuldir og eigið fé samtals		6.139.862	3.520.365

Skýringar með ársreikningi

		2012	2011
1. Framlög og styrkir			
Styrkir ÍSÍ.....			
		0	22.586
Styrkir bæjarfélags			
Rekstrarstyrkir.....		1.321.348	1.900.000
Styrkur v.fyfirmynadafélag.....		270.000	270.000
Greiðslur v/íþróttafjör.....		420.000	0
Styrkir bæjarfélag alls		2.011.348	2.170.000
Aðrir styrktaraðilar			
Styrkir-ýmis fyrirtæki.....		190.000	1.312.870
Fjáraflanir.....		996.606	0
Aðrir styrktaraðilar samtals		1.186.606	1.312.870
Framlög og styrkir alls			
		3.197.954	3.505.456
2. Tekjur af mótmum			
Þáttökugjöld.....		360.530	0
Tekjur af mótmum alls		360.530	0
5. Aðrar tekjur			
Æfingagjöld.....		7.801.221	6.532.273
Æfingagjöld gr. m.frístundaávísunum.....		0	1.201.000
Afsláttur v.æfingagjöld.....		(322.441)	(1.227.783)
Ýmsar tekjur.....		15.563	0
Aðrar tekjur alls		7.494.343	6.505.490
6. Laun og verktakagreiðslur			
Laun þjálfarar og starfsmenn.....		5.590.434	5.482.645
Tryggingagjald.....		464.063	506.367
Lífeyrissjóður.....		362.240	371.255
Orlofs- og sjúkrasjóður.....		35.485	36.035
Bifreiðastyrkir þjálfara.....		4.500	0
Verktakagreiðslur þjálfara.....		66.000	0
Annar launakostnaður.....		252.695	0
Laun alls		6.775.417	6.396.302

9. Áhöld og tæki		
Búningar.....	528.144	37.510
Áhöld og tæki alls	<u>528.144</u>	<u>37.510</u>
10. Þáttaka í mótum		
Ferðakostnaður innanlands		
Rútur og annar akstur.....	47.970	10.000
Flug	395.300	0
Uppihald.....	30.000	0
Ferðakostnaður innanlands alls	<u>473.270</u>	<u>10.000</u>
Þáttökukostnaður		
Þáttökugjöld.....	70.400	14.596
Þáttökukostnaður alls	<u>70.400</u>	<u>14.596</u>
Þáttaka í mótum alls	<u>543.670</u>	<u>24.596</u>
11. Kostnaður v/mótahalds		
Dómgaesa.....	10.000	45.600
Annar mótaðaldskostnaður.....	21.670	79.353
Kostnaður v/mótahalds alls	<u>31.670</u>	<u>124.953</u>
13. Rekstur skrifstofu		
Sími.....	140.000	33.939
Ritföng.....	0	15.625
Prentun.....	0	51.455
Rekstur skrifstofu alls	<u>140.000</u>	<u>101.019</u>
14. Kynning, fræðsla og útbreiðsla		
Námskeiðsgjöld.....	125.000	140.000
Auglýsingar.....	33.898	0
Kynning, fræðsla og útbreiðsla alls	<u>158.898</u>	<u>140.000</u>

16. Önnur gjöld		
þjónustugjöld, innheimta og fl		
þjónustugjöld v/Borgun, Valitor	52.056	0
þjónustugjöld banka.....	610	44.103
Lögfræði-og innheimtukostnaður.....	0	21.333
þjónustugjöld, innheimta og fl alls	<u>52.666</u>	<u>65.436</u>
Kostnaður v.félagsstarf		
Kostnaður v.félagsstarf.....	<u>49.415</u>	<u>15.865</u>
Kostnaður v.félagsstarf alls	<u>49.415</u>	<u>15.865</u>
Annar kostnaður		
Fimleikasamband Íslands.....	105.800	79.300
Kostnaður v/launagreiðslur.....	252.695	0
Afskrifaðar eldri kröfur.....	214.778	1.509.414
Afskriftir.....	435.512	440.660
Annar kostnaður alls	<u>1.008.785</u>	<u>2.029.374</u>
Önnur gjöld alls	<u>1.110.866</u>	<u>2.110.675</u>
18. Varanlegir rekstrarfjármunir		
Eignfærð áhöld og tæki.....	<u>1.344.303</u>	<u>1.605.986</u>
21. Skammtímakröfur		
Viðskiptakröfur.....	0	214.778
Borgun Nori.....	1.168.487	355.031
Greiðsluseðill.....	25.320	25.320
Innheimtureikningur Nori.....	760.586	752.920
Mismunalykill Nori.....	0	3.933
	<u>1.954.393</u>	<u>1.351.982</u>
22. Handbært fé		
Ísl.banki Fimleikar 402105.....	937.314	248.111
Ísl.banki Fimleikar-punktasj.403002.....	1.734.488	10.013
Landsbanki Fimleikar 10003.....	103.527	103.151
	<u>2.775.329</u>	<u>361.275</u>





UMFA



1909-2009